

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

A-2.Aukafundur.

að Hlíðavegi 6, mánudaginn 19. desember 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2012, seinni umræða.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 19. des.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 4, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2012, seinni umræða.

Við síðari umræðu var gerð breyting á aðalsjóði um kr. 4.250.000,-

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs (samstæðunnar) verði 312,6 millj. og gjöldin 308,4 millj. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er áætlaður tekjuafgangur 263 þús.

Heildarfjárfestingaráætlun fyrir 2012 er um 55 millj.

Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru 24,3 milljónir króna handbærar frá rekstri á árinu 2012.

Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á fjárhagsáætlun 2011.

Fasteignaskattur hækkar	6.600.000
Framl. úr Jöfnunarsj. lækka	- 12.000.000
Lækkun tekna	- 5.400.000
Félagsþjónusta - kostnaðarhækkun	- 5.000.000
Fræðslu- og uppeldismál - kostnaðarhækkun	- 2.000.000
Æskulýðs- og íþróttamál - kostnaðarhækkun	- 2.000.000
Hreinlætismál - kostnaðarlækkun	1.000.000
Skipulags- og byggingamál - kostnaðarhækkun	- 4.000.000
Umferðar- og samgöngumál - kostnaðarhækkun	- 2.500.000
Umhverfismál - kostnaðarhækkun	- 1.500.000
Hækkun gjalda samtals	- 16.000.000
Aðalsjóður - afkoma versnar	- 21.400.000
Eignasjóður - afkoma batnar	2.000.000
Þjónustustöð - afkoma versnar	- 1.000.000
Leiguíbúðir - afkoma versnar	- 1.000.000
Samstæða - afkoma versnar	- 21.400.000

Sveitarstjórn samþykkir endurskoðunina samhljóða.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 19. des.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir vinnubúðir sem staðsettar yrðu austan við skrifstofuhúsnæði sem áður var í eigu Kísiliðjunnar. Um er að ræða 18 íbúðir á einni hæð. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að veita umbeðið leyfi til eins árs.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir áframhaldandi stöðuleyfi fyrir núverandi vinnubúðir á lóð fyrirtækisins í Bjarnarflagi. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að veita umbeðið leyfi til eins árs.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá eigendum húsa í Haganesi þar sem óskað er eftir tengingu við hitaveitu. Í bókun nefndarinnar kemur fram að hún fagnar erindinu en telur að við núverandi aðstæður sé ekki hægt að verða við því, en beinir því til sveitarstjórnar að skoða málið að nýju þegar mótuð hefur verið framtíðarstefna fyrir hitaveituna.

Í fimmta lið er tekið fyrir erindi frá Hjálmarí Péturssyni f.h. Landafélagsins þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn samþykki fyrirliggjandi lýsingu á skipulagsverkefni vegna hótels í landi Arnarvatns, jafnframt er óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar á sama svæði. Skipulags- og umhverfisnefnd leggst gegn því að

umrædd skipulagslýsing sé samþykkt að óbreyttu. Ekki er hægt að samþykkja eins og fram kemur í lýsingunni að húsagerð verði frjáls og í því sambandi bent á kafla **4.3.1** í aðalskipulaginu en þar segir: „**Byggingarlist**

Mývatnssveit er ein merkilegasta náttúruperla landsins. Fegurð sveitarinnar er rómuð og einstök á heimsvísu. Mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína í Mývatnssveit til þess að upplifa óviðjafnanlegt umhverfi.

Því er það eindregin stefna skipulagsáætlunarinnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða. Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni. Einfaldar skúrabyggingar eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgerðir við þær aðstæður sem lýst hefur verið. Byggingarnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði at tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.“

Þá er ekki ljóst hvort verið er að óska eftir að viðkomandi verði veitt heimild til deiliskipulagsgerðar, eða hvort verið er að óska eftir að sveitarfélagið láti vinna deiliskipulag á umræddu svæði. Bent er á að deiliskipulag er alltaf unnið á kostnað framkvæmdaaðila/landeigenda þó svo að sveitarfélagið láti vinna það sbr. 38. gr. laga nr. 123/2010.

Í sjötta lið er greint frá því að umsagnir vegna skipulagslýsingar á gamla bæjarstæðinu í Reykjahlíð bárust frá Skipulagsstofnun og Minjaverði Norðurlands eystra.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á 2, 3, 4 og 5 lið fundargerðarinnar. Aðrir liðið þarfnast ekki ályktunar við.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.